140 Reykjavíkur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem
10. okt. hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. október 1944.*

**Björn Þórðarson.**

*Gunnl. E. Briem.*

141
16. okt.

# GJALDSKRÁ

## löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

**Löggildingargjöld.**

1. Vogarlóð:

| | | |
|---|---|---|
| Þyngd 1 g til 5 g | kr. | 0.40 |
| — 10 g til 20 g | — | 0.60 |
| — 50 g | — | 0.75 |
| — 100 g til 200 g | — | 0.80 |
| — ½ kg | — | 0.90 |
| — 1 kg til 2 kg | — | 1.20 |
| — 5 kg | — | 1.50 |
| — 10 kg | — | 2.20 |
| — 20 kg | — | 2.60 |

2. Metaskálar jafnarma:

| | | |
|---|---|---|
| Vogarþol 3 kg eða minna | — | 8.50 |
| — 5 kg — — | — | 10.50 |
| — 10 kg — — | — | 12.00 |
| — 20 kg — — | — | 14.50 |
| — 30 kg — — | — | 15.60 |
| — yfir 30 kg | — | 17.00 |

3. Borðvogir jafnarma:

| | | |
|---|---|---|
| Vogarþol 3 kg eða minna | — | 10.50 |
| — 5 kg — — | — | 12.00 |
| — 10 kg — — | — | 14.50 |
| — 20 kg — — | — | 17.00 |
| — 30 kg — — | — | 19.50 |
| — yfir 30 kg | — | 25.50 |

4. Tugavogir og hundraðsvogir (desímal og sentesímal):

| | | |
|---|---|---|
| Vogarþol 100 kg eða minna | — | 14.50 |
| — 200 kg — — | — | 17.00 |
| — 300 kg — — | — | 19.00 |
| — 500 kg — — | — | 21.50 |
| — 600 kg — — | — | 23.00 |
| — 1000 kg — — | — | 26.50 |
| — 2000 kg — — | — | 36.00 |
| — yfir 2000 kg | — | 54.00 |

Fyrir löggildingu á reizluvogum með mundangi (vogartungu) greiðist sama gjald og fyrir desimalvogir með sama vogarþoli og auk þess 10 aurar fyrir hvert mark eða skerðingu. 141 16. okt.

5. Reizlur (án mundangs):

| | | |
|---|---|---|
| Vogarþol 3 kg eða minna | kr. | 3.60 |
| — 10 kg — — | — | 6.00 |
| — 20 kg — — | — | 7.50 |
| — 50 kg — — | — | 10.00 |
| — 100 kg — — | — | 12.00 |
| — 300 kg — — | — | 14.50 |

og auk þess 20 aurar fyrir hverjar 20 skerðingar.

6. Kvarðar:

Fyrir hvern mælikvarða, sem löggiltur er, kr. 1.50 og auk þess fyrir hverja 10 óskipta cm 15 aura, en ef sentímetranum er skipt í mm fyrir hvern cm 10 aur.

7. Mæliker:

| | | |
|---|---|---|
| Stærð 1 dl og 2 dl | kr. | 1.00 |
| — ½ lítri | — | 1.50 |
| — 1 lítri og 2 lítrar | — | 2.00 |
| — 5 lítrar | — | 4.00 |
| — 10 lítrar | — | 6.00 |
| — 20 lítrar | — | 12.00 |
| — 50 lítrar | — | 15.00 |

Enn fremur aukagjöld fyrir hvern benzínmæli, þegar hann er löggiltur í fyrsta sinn kr. 30.00.

8. Síldarmæliker (löndunartæki) með 4 hólfum hvert fyrir 150 lítra kr. 160.00
Síldarmæliker (löndunartæki) með 4 hólfum hvert fyrir 300 lítra — 320.00

2. gr.

**Eftirlitsgjöld.**

1. Vogarlóð:

| | | |
|---|---|---|
| Þyngd 50 g eða minna | kr. | 0.40 |
| — ½ kg — — | — | 0.80 |
| — 5 kg — — | — | 1.20 |
| — yfir 5 kg | — | 1.60 |

2. Vogir:

| | | |
|---|---|---|
| Vogarþol 5 kg eða minna | kr. | 4.00 |
| — 30 kg — — | — | 8.00 |
| — 100 kg — — | — | 12.00 |
| — 300 kg — — | — | 14.00 |
| — 600 kg — — | — | 16.00 |
| — yfir 600 kg | — | 30.00 |

3. Kvarðar:

| | | |
|---|---|---|
| Lengd ½ m til 1 m | — | 1.20 |

4. Mæliker:

| | | |
|---|---|---|
| Stærð ½ lítri eða minna | — | 1.00 |
| — yfir ½ lítra | — | 2.00 |

141
16. okt.

3. gr.

Ef löggilding eða eftirlit fer eigi fram í löggildingarstofunni eða á hinum reglulegu eftirlitsferðum, reiknast auk ferðakostnaðar kaupgjald fyrir starfsmenn löggildingarstofunnar 5 kr. um klukkustund eða brot úr klukkustund, þó ekki meira en 40 kr. á dag, að viðbættri lögmæltri verðlagsuppbót.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. marz 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 186 6. nóv. 1942, um sama efni.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. október 1944.*

**Vilhjálmur Þór.**

*Páll Pálmason.*

142
19. okt.

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 57 17. apríl 1944, um breyting á reglugerð nr. 133 28. desember 1936, um tekjuskatt og eignarskatt.**

1. gr.

Leyfa skal fyrst um sinn, þar til er öðru vísi verður ákveðið, 3 af hundraði af fasteignamati steinhúsa og 6 af hundraði af fasteignamati timburhúsa sem hámarksafskrift til frádráttar skattskyldum tekjum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt a-lið 10. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi, en kemur fyrst til framkvæmda við ákvörðun tekjuskatts árið 1945.

*Fjármálaráðuneytið, 19. október 1944.*

**Björn Ólafsson.**

*Magnús Gíslason.*

143
14. nóv.

# GJALDSKRÁ

**fyrir dómtúlkun og skjalaþýðingar.**

1. gr.

Grunngjöld fyrir störf dómtúlka og skjalaþýðenda skulu vera sem hér segir:
Fyrir staka blaðsíðu heila kr. 19.40.
Fyrir hverja síðu í stærri þýðingu kr. 15.60.
Sé um tekniskt mál að ræða, hækkar grunngjald þetta um 50%.
Fyrir minnstu þýðingu kr. 10.00.

Skylt er skjalaþýðanda að láta frumriti fylgja tvö samrit endurgjaldslaust. Séu látin af hendi fleiri samrit, skal fyrir hverja blaðsíðu samrits greiða kr. 2.50.

Við grunngjöld öll bætist 30% uppbót og síðan verðstuðulsuppbót eftir vísitölu eins og hún er á hverjum tíma.